

Góðan dag.

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til héraðssaksóknara dags. 30. apríl sl. þar sem farið var fram á að veitt yrði umögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins, landeignaskrá, ráðstöfun landeigna, aukið gagnsæi o.fl.), 715. mál.

Héraðssaksóknari gerir athugasemd við fyrirhugaða breytingu á refsíákvæði jarðalaga, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Refsíákvæðið, sem er í 56. gr. laganna, er nú nokkuð hefðbundið þar sem einungis segir að brot gegn lögnum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum með heimild í þeim varði sektum. Gallinn við slíkt almennt ákvæði er að smávægilegustu brot varða þar með refsingu. Með þeirri breytingu sem lögð er til yrði lögfest refsíabyrgð lögaðila en einnig yrði farin sú leið að taka sérstaklega fram að refsiverð brot á grundvelli ákvæðisins séu *m.a.* tiltekin brot sem þar eru í framhaldinu talin upp. Þessa leið telur héraðssaksóknari óheppilega. Annað hvort ætti að hafa ákvæðið eins og það er, þ.e. að öll brot gegn lögnum séu refsiverð, eða tiltaka að öllu leyti hvaða brot gegn lögnum varði refsingu. Væri síðari kosturinn betri.

Héraðssaksóknari gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Kveðja,

Björn Þorvaldsson saksóknari og sviðsstjóri ákærusviðs efnahags- og skattalagabrota.

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Alsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins, landeignaskrá, ráðstöfun landeigna, aukið gagnsæi o.fl.), 715. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 21. maí nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/150/s/1223.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrrsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html